

greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa. Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hann bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristján Gestsson, afgreiðslumaður í Borgarnesi, greiði 3000 — þrjú þúsund — króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 — tuttugu — daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur rétti til að stjórna bifreið í 3 — þrjú — ár frá birtingu dóms þessa.

Hann skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. október 1957.

Nr. 12/1956. **Hreppsnefnd Hvammshrepps f. h. hreppsins**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna
(Sigurður Ólason hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
Ólafur Jóhannesson.

Um skyldu sveitarfélags að framfæra mann.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1956, krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Þar sem úrlausn um sveitfesti Soffiu Tryggvadóttur bar undir yfirvöld, má samkvæmt lögjöfnun frá 1. og 11. gr.

laga nr. 14/1905 fallast á það með héraðsdómaranum, að fyrning á gjaldkröfu stefnda hafi verið rofin með bréfi hans til sýslumanns Dalasýslu 22. janúar 1952, er áfrýjandi virðist þegar hafa fengið vitneskju um. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Hvamshrepps f. h. hreppsins, greiði stefnda, stjórnarnefnd ríkisspítalanna, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. nóvember 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Sigurður Óla-son hrl. f. h. skrifstofu ríkisspítalanna hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefni 13. marz 1954, gegn hreppsnefnd Hvamshrepps, Dalasýslu, f. h. hreppsins til greiðslu ógoldins dvalarkostnaðar Soffíu Tryggvadóttur á Kleppi frá 12. febrúar 1940 til ársloka 1953, samtals kr. 25.582.41 með 6% árs- vöxtum af skuldinni, eins og hún var um hver áramót síðan 31. des. 1940. Þá hefur stefnandi og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Hinn 5. marz 1933 ráðstafaði hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps Soffíu Tryggvadóttur til dvalar á geðveikrahælinu Kleppi, og hefur hún dvalizt þar síðan. Er Soffía fædd í Bíldsey á Breiðafirði 21. október 1916. Hinn 28. marz 1934 kvað sýslumaðurinn í Dalasýslu eftir kröfu Fellsstrandarhrepps upp úrskurð um sveitfesti Soffíu. Samkvæmt þeim úrskurði var Hvamshreppur talinn framfærslusveit Soffíu, frá því er hún varð fullra 16 ára, og er sú niðurstaða reist á því, að móðir Soffíu hafi síðast átt lögheimili í þeim hreppi, áður en Soffía fæddist. Þessi úrskurður var síðan staðfestur af Atvinnumálaráðuneytinu hinn 11. marz

1935. Eftir að framfærslulögin nr. 135 frá 1935 gengu í gildi, óskuðu oddvitar Fellsstrandarhrepps og Hvammshrepps úrskurðar sýslumannsins um sveitfesti Soffíu. Samkvæmt þeim úrskurði, uppkveðnum 22. desember 1936, taldi sýslumaðurinn Hvammshrepp eftir sem áður framfærslusveit Soffíu. Niðurstaða þessi er reist á því, að óeðlilegt sé, að ákvæði 13. gr. framfærslulaganna frá 1935 verði látin verka aftur fyrir sig. Staðfesti Atvinnumálaráðuneytið úrskurð þenna hinn 27. maí 1937. Á árinu 1938 var þess farið á leit af hálfu Hvammshrepps, að málið yrði tekið upp af nýju. Með bréfi, dags. 26. ágúst 1938, lagði Atvinnumálaráðuneytið fyrir sýslumann Dalasýslu að kveða upp úrskurð í málinu af nýju. Með úrskurði sýslumannsins, uppkveðnum hinn 15. apríl 1939, er framfærsluskyldan lögð á Fellsstrandarhrepp frá því, er málið var tekið upp af nýju, þ. e. 26. ágúst 1938. Er niðurstaða þessi reist á því, að Hella í Fellsstrandarhreppi hafi verið lögheimili Soffíu og Fellsstrandarhreppur hafi verið síðasta heimilissveit hennar, áður en sjúkrahúsvist hennar hófst. Oddviti Hvammshrepps mun hafa áfrýjað úrskurði þessum, en áfrýjunarfresturinn mun hafa verið liðinn og málinu því ekki sinnt. Hinn 12. febrúar 1940 gengu í gildi ný framfærslulög nr. 52 frá 1940, og mun þá hafa verið talið af hálfu Fellsstrandarhrepps, að þau lög felldu niður skyldu þess hrepps til að framfæra Soffíu. Kveður stefnandi Fellsstrandarhrepp hafa hætt greiðslu dvalarkostnaðar Soffíu frá gildistökudegi laganna. Árið 1944 höfðaði skrifstofa ríkisspítalanna mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Hvammshreppi til greiðslu vistgjalda vegna umræddrar Soffíu fyrir árin 1940, 1941, 1942 og 1943, og var Fellsstrandarhreppi stefnt til réttargæzlu í málinu. Dómur í málinu féll 1. nóvember 1944, og var stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Í Hæstarétti féll dómur í málinu 21. marz 1945 og var Hvammshreppur sýknaður að svo stöddu af kröfum áfrýjanda. Í forsendum að umræddum dómi Hæstaréttar segir: „Þar sem hér er raunverulega ágreiningur milli hreppsfélaga um framfærsluskyldu, sem stjórnvöld þau, er greinir í 81. gr. laga nr. 52/1940, hafa enn ekki lagt úrskurð á, þá ber að sýkna stefnda, Hvammshrepp, að svo stöddu af gjaldkröfu áfrýjanda“. Með bréfi, dags. 22. janúar 1952, var þess svo krafizt af hálfu skrifstofu ríkisspítalanna, að gerð yrði gangskör að því að innheimta ógreitt meðlag umræddrar Soffíu. Sýslumaður Dalasýslu krafði þá Fellsstrandarhrepp um greiðslu umrædds meðlags, en af hálfu þess hrepps var greiðslu neitað og talið, að Hvammshreppur ætti að inna greiðslu þessa af hendi.

Er Hvammshreppur synjaði um greiðslu, tók sýslumaðurinn atriðið til úrskurðar að kröfu oddvita Fellsstrandarhrepps. Með úrskurði, uppkveðnum 21. maí 1952, var Hvammshreppi sem framfærsluhreppi Soffíu, er hún var vistuð á Klepp, gert að greiða sjúkrahúsinu meðlag með henni frá gildistöku laga nr. 52 1940. Staðfesti Félagsmálaráðuneytið úrskurð þenna hinn 20. febrúar 1953. Stefnandi kveðst síðan hafa árangurslaust krafið stefnda um greiðslu meðlagsins.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að samkvæmt framangreindum úrskurði, uppkveðnum 21. maí 1952 og staðfestum 20. febrúar 1953, beri stefnda að greiða hinn umstefnda dvalarkostnað.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að rökstuðningur með umræddum úrskurði Félagsmálaráðuneytisins sé rangur og sé því úrskurðurinn sjálfur efnislega rangur. Jafnframt er því haldið fram af hálfu stefnda, að með framangreindum dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 21. marz 1945, hafi því verið slegið föstu, að Hvammshreppur beri ekki ábyrgð á greiðslu umrædds dvalarkostnaðar.

Mál það, sem hér um ræðir, er sprottið af ágreiningi milli sveitarfélaga um framfærsluskyldu. Í nágildandi lögum um þetta efni nr. 80 frá 1947 segir svo í 76. gr. m. a.: „Nú verður ágreiningur sveitarfélaga í milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim . . .“ Og síðar í sömu grein: „. . . Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra . . .“ Telja verður, að ákvæði þessi beri að skýra á þann veg, að með þeim hafi ætlun löggjafans verið sú, að yfirvöld, en eigi dómstólar, hafi fullaðarúrskurðarvald um ágreiningsefni þessi, en af því leiðir, að úrskurður Félagsmálaráðuneytisins frá 20. febr. 1953 er endanleg úrlausn um það, hver hafi verið framfærslusveit nefndrar Soffíu, er dvöl hennar á Kleppi hófst. Samkvæmt því kemur þessi sýknuástæða eigi til álita.

Þá hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 21. marz 1945, hafi því verið slegið föstu, að stefndi beri ekki ábyrgð á greiðslu umrædds dvalarkostnaðar. Með dómi þessum var Hvammshreppur sýknaður að svo stöddu af kröfu ríkisspítalanna, sbr. það, sem fyrr segir. Kemur þessi varnarástæða því heldur eigi til álita.

Að lokum hefur verið á það bent af hálfu stefnda, að krafa til vistgjalds fyrir tímabilið frá 12. febrúar 1940 til 13. marz 1950 sé fyrnd. Með vísun til 2. t. 3. gr. laga nr. 14/1905

er fyrningarfrestur slíkra krafna, sem hér um ræðir, fjögur ár. Samkvæmt því er sá hluti stefnufjárhæðarinnar, sem gjaldkræfur var 31. desember 1947, kr. 9.746.71, fyrndur. Er það vistgjald árána 1940—1947, og er þá miðað við, að fyrningu hafi verið slitið með bréfi stefnanda til sýslumannsins í Dalasýslu, dags. 22. janúar 1952, þar sem þess var farið á leit, að hafizt yrði handa um innheimtu vistgjaldsins.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 15.871.70 (kr. 1.939.80 + kr. 1.934.50 + kr. 2.204.00 + kr. 2.592.80 + kr. 3.331.60 + kr. 3.869.00) ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð, eins og krafizt er, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.800.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, hreppsnefnd Hvammshrepps f. h. hreppsins, greiði stefnanda, Sigurði Ólasyni f. h. skrifstofu ríkisspítalanna, kr. 15.871.70 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 1.939.80 frá 1. janúar 1949 til 31. desember s. á., af kr. 3.874.30 frá 1. janúar 1950 til 31. desember s. á., af kr. 6.078.30 frá 1. janúar 1951 til 31. desember s. á., af kr. 8.671.10 frá 1. janúar 1952 til 31. desember s. á., af kr. 12.002.70 frá 1. janúar 1953 til 31. desember s. á. og af kr. 15.871.70 frá 1. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 1.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
